



Héraðssambandið Skarphéðinn

Engjavegi 48, Selfossi - Sími 482 1189 - Fax 482 2909
Netfang: hsk@hsk.is - Veffang: www.hsk.is

Selfossi 30. nóvember 2023

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Á stjórnarfundum hjá HSK á dögunum var rætt um hugsanlegan þingstað árið 2024 og fram kom sú hugmynd að halda þingið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Erindið hefur þegar verið nefnt við sveitarstjóra.

Undanfarin ár hafa héraðsþingin verið haldin í öllum sveitarfélögum á sambandssvæðinu.

Með bréfi þessu er óskað eftir að 102. héraðsþing HSK verði haldið í samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp fimmtudaginn 14. mars 2024 og þá væntanlega í Brautarholti.

Hér að neðan eru tvö atriði sem stjórn HSK óskar eftir að sveitarfélagið komi að vegna þingsins, ef af verður.

1. Fyrst er það húsnaðið, en það er venja að heimaðilar sjá um að fá húsnaði fyrir þinghaldið endurgjaldslaust.
2. Óskað er eftir því að sveitarfélagið bjóði um 115 þingfulltrúum í mat á þinginu. Sveitarfélögin hafa fengið aðila til að sjá um matinn, í samstarfi og samráði við heimafélögin, en væntanlega munu aðildarfélög HSK innan sveitarfélagsins koma að undirbúningi þinghaldsins með HSK.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur einu sinni boðið til þings, en það var í Brautarholti árið 2012. Þess má geta að þing sambandsins hafa samtals þrisvar sinnum verið haldin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, í Árnesi árin 1972 og 1984 og svo í Brautarholti 2012.

Ef eitthvað er óljóst varðandi ofanritað, veitir undirritaður nánari upplýsingar í síma 899 6514.

Kærar kveðjur,
f.h. stjórnar HSK,

framkv.stj. HSK.